

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

06 445

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

kt. 680814-0820

Útgarði 1, 640 Húsavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 355,9 milljónir og afkoma kr. -2,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 184,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á Norðurlandi eystra fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Svavar Pálsson
Sýslumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	344.700.000	330.350.000
Seld þjónusta	3	3.715.543	9.023.788
Framlög og ýmsar tekjur	4	4.204.341	7.375.873
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.248.775	2.819.619
Tekjur samtals		355.868.659	349.569.280
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	283.242.904	269.745.578
Annar rekstrarkostnaður	6	72.076.062	73.344.621
Afskriftir	7	3.248.775	2.819.619
Gjöld samtals		358.567.741	345.909.818
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.699.082)	3.659.462
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(4.692)	(23.756)
		(4.692)	(23.756)
Afkoma ársins		(2.703.774)	3.635.706

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		8.753.436	8.426.170
Aðrar eignir		67.700	97.474
		<u>8.821.136</u>	<u>8.523.644</u>
Fastafjármunir samtals		<u>8.821.136</u>	<u>8.523.644</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		3.727.980	3.333.621
Tengdir aðilar	9	167.568.797	136.646.689
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	877.785	611.889
Handbært fé	11	2.996.398	13.840.876
Veltufjármunir samtals		<u>175.170.960</u>	<u>154.433.075</u>
Eignir samtals		<u>183.992.096</u>	<u>162.956.719</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		4.947.722	7.651.496
Eigið fé samtals		<u>4.947.722</u>	<u>7.651.496</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	135.926.956	104.337.949
Viðskiptaskuldir		3.127.253	3.058.742
Ýmsar skammtímaskuldir	13	34.393.543	42.463.135
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	5.596.622	5.445.397
Skuldir samtals		<u>179.044.374</u>	<u>155.305.223</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>183.992.096</u>	<u>162.956.719</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(2.703.774)	3.635.706
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.248.775	2.819.619
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.248.775)	(2.819.619)
		<u>(2.703.774)</u>	<u>3.635.706</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(660.255)	(2.170.046)
Tengdir aðilar		520.632	(11.940.869)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(8.001.081)	18.465.311
		<u>(8.140.704)</u>	<u>4.354.396</u>
		<u>(10.844.478)</u>	<u>7.990.102</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(3.546.267)	(2.170.290)
		<u>(3.546.267)</u>	<u>(2.170.290)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		146.267	0
Fjárfestingarframlag		3.400.000	2.170.290
		<u>3.546.267</u>	<u>2.170.290</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(10.844.478)	7.990.102
		<u>13.840.876</u>	<u>5.850.774</u>
		<u>2.996.398</u>	<u>13.840.876</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	344.700.000	330.350.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.248.775	2.819.619
	<u>347.948.775</u>	<u>333.169.619</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	341.500.000	0	0	341.500.000
Launabætur	3.200.000	0	0	3.200.000
Fjárveiting til tekna	344.700.000	0	0	344.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(347.403.774)	0	0	(347.403.774)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.703.774)	0	0	(2.703.774)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Verksala	457.990	275.030
Ýmsar þjónustutekjur	3.257.553	8.748.758
	<u>3.715.543</u>	<u>9.023.788</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	704.341	875.873
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.500.000	6.500.000
	<u>4.204.341</u>	<u>7.375.873</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	225.372.842	215.184.745
Orlof, breyting	121.007	4.669.979
Launatengd gjöld	51.800.121	48.898.187
Starfsmannakostnaður	5.948.934	992.667
	<u>283.242.904</u>	<u>269.745.578</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	26,2	25,7

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.112.445	2.119.464
Tæki og búnaður til innréttinga	156.021	92.990
Ýmis tæki og áhöld	4.310.554	295.960
Orkugjafar	2.517.525	2.273.605
Matvæli	4.261.686	3.619.109
Almennar rekstrarvörur	642.239	648.399
Vörukaup, almenn	14.000.470	9.049.527
Kennslu- og föndurvörur	42.820	8.790
Vörukaup, sérgreind	42.820	8.790
Fundir, námskeið, risna	139.900	95.000
Ferðir, uppihald	803.280	378.438
Akstur	913.265	947.054
Sérfræðipjónusta	3.581.858	2.509.983
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	954.482	909.668
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	540.770	99.370
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.705.154	3.771.239
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	9.638.709	8.710.752
Samningsbundin kaup og leiga	1.431.880	1.356.223
Afnotagjöld	3.380.733	1.324.552
Leigugjöld	33.548.232	32.833.056
Notkun véla og flutningatækja	541.610	590.498
Verkkaup	8.304.037	7.990.819
Kostnaðarhlutdeild	1.172.571	11.477.904
Opinber gjöld	0	2.500
Tilfærslur	15.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	48.394.063	55.575.552
Annar rekstrarkostnaður samtals	72.076.062	73.344.621
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.219.001	2.777.396
Aðrar eignir	29.774	42.223
	3.248.775	2.819.619

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	8.753.436	8.426.170
Aðrar eignir	67.700	97.474
	8.821.136	8.523.644

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	27.649.555	489.936	28.139.491
Viðbætur á árinu	3.546.267	0	3.546.267
	31.195.822	489.936	31.685.758
Afskriftir 01.01.2022	19.223.385	392.462	19.615.847
Afskrift ársins	3.219.001	29.774	3.248.775
	22.442.386	422.236	22.864.622
Staða 31.12.2022	8.753.436	67.700	8.821.136

	31.12.2022	31.12.2021
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	166.476.166	134.326.731
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.092.631	2.319.958
	167.568.797	136.646.689

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	135.926.956	104.337.949
	135.926.956	104.337.949

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	68.891	0
Skattar	808.894	611.889
	877.785	611.889

11 Handbært fé

Sjóðir	366.461	712.143
Tékkareikningar	2.629.937	13.128.733
	2.996.398	13.840.876

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 16,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	7.651.496	4.015.790
Afkoma ársins	(2.703.774)	3.635.706
Jöfnuður 31.12.	4.947.722	7.651.496

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	25.745.440	25.624.433
Önnur ógreidd gjöld	8.648.103	16.838.702
	34.393.543	42.463.135

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	8.821.136	8.523.644
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(3.224.514)	(3.078.247)
	5.596.622	5.445.397

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	8.523.644	(3.078.247)	5.445.397
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	3.400.000	3.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.546.267	(3.546.267)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.248.775)	0	(3.248.775)
	8.821.136	(3.224.514)	5.596.622

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 2,5 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 36,3 milljónum og vegna rekstrar og þjónustusamninga kr. 10,3 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.